

Djárninn og Draugaskipið

Ég var sem sagt með eindæmum myrkfælið barn og er reyndar enn ekki svo svöl í skammdeginu. En á sama tíma og ég er sjúklega myrkfælin hef ég alla tíð verið álíka sjúk í hryllingsmyndir.

Dimmur og þröngur gangur. Óhugnanleg hljóð og hvísl úr öllum áttum. Hún hleypur um í örvæntingu og reynir að finna leið út. Skúffurnar á veggjunum í kringum hana opnast ein af annari. Upp úr þeim ris fólk, eða nei, þetta er ekki fólk, heldur rotandi lík, þeirra á meðal kona í brúðarkjól með ungabarn í fanginu. Slörið fellur yfir höfuðkúpu með þurrkuðum skinnægjum og galtómum augntóftum.

Á milli útgleftra fingrana stari ég ellefu ára gömul á sjónvarps-skjánn og finn hjartað hamast í brjóstinu.

Pori ekki að horfa. Pori samt ekki fyrir mitt litla líf að missa af neinu. Í kringum mig sitja bekkjarsysturnar og eru flestar svalari en ég en súpa hveljur þegar söguhetja myndarinnar berst við rotandi líkin og virðist vera að láta í minni pokann fyrir viðbjóðum.

Enn þann dag í dag, átján árum síðar, get ég næstum rakið í smáatriðum söguþráð þessarar andstyggilegu hryllingsmyndar sem ég sá í ellefu ára afmæli bekkjarsystur minnar. Hvernig stúlka sem vildi ganga í systrareglu í bandarískum háskóla þurfti að ganga í gegnum þá þolraun að gista eina nótt í líkhúsi sem var nú líflegra en búast mátti við. Andvökunætur mínar í kjölfarið voru ófáar og satt best að segja finnst mér ennþá óþægilegt að rifja þetta upp. Ég man ekki hvað myndin heitir enda skiptir það ekki máli. En ég get fulltrú að þarna var á ferðinni sú mynd kvikmyndasögunnar sem mest áhrif hefur haft á mig. Það þarf ekki að fjölýrða um ábyrgðarleysi foreldranna sem leyfðu okkur stelpunum að horfa á óhugnaðinn en staðreyndin er sú að ég var myrkfælin fyrir og sá veikleiki þúsundfaldaðist eftir að ég sá kvikmyndina um stúlku-greyið í líkhúsinu.

Nokkrum árum seinna eignaðist ég kött. Sá er reyndar enn í fullu fjöri en sömu sögu er ekki hægt að segja um hamsturinn minn sem týndi lífinu langt fyrir aldur fram. Eitt kvöld þegar ég var þrettán ára gömul var ég nefnilega svo upptekin við að horfa á framliðna áhöfn Draugaskipsins reyna að tortíma forvitnum aðkomumönnum að ég heyrði ekki hamstursvesalinginn há baráttu upp á líf og dauða við köttinn í næsta herbergi. Kísi hafði að lokum betur og klippti hausinn af nagdyrinu á meðan gestir Draugaskipsins báru sigur úr býtum yfir kolgeggjaðri en steindauðri áhöfninni.

Ég var sem sagt með eindæmum myrkfælið barn og er reyndar enn ekki svo svöl í skammdeginu. En á sama tíma og ég er sjúklega myrkfælin hef ég alla tíð verið álíka sjúk í hryllingsmyndir. Ég sotti sérstaklega í að horfa á slíkar myndir en efast um að foreldrar

mínir hafi vitað af þessari þráhyggju. Ég var svo langt leidd að ég fann adrenalíníð spýstast um æðarnar bara við tilhugsunina um öfgakenndan og óraumsæjan hryllinginn sem finna mátti á myndbandaleigum, verða vitni að í kvikmyndahúsum eða var á dagskrá sjónvarpsins á árum áður. Ég hef því átt mínar mestu spennustundir stjörfr af hræðslu fyrir framan sjónvarps-skjá en um leið hafa þessar sömu stundir markað óafturkræf spor á sálartriði. Af augljósum ástæðum er ég því fylgjandi ströngu kvikmyndaefirliti og að forráðamenn leyfi börnum ekki að horfa á hvað sem er. Ástæðan er ekki sist sú að ég held að enn í dag hafi ég ekki beðið þess bætur að hafa ung að árum t.d. horft á Rauðhærðu afturgönguna eða söguna um Djárninn á Myrká. Pulur sjónvarpsins voruðu vissulega við því að myndirnar væru ekki við hæfi viðkvæmra eða ungra barna en hvorugum hópnun vildi ég nú nokkurn tíma tilheyrja. Starfsheitið djárnir er líka í mínum huga brennt þjóðsögunni um þann eina sanna, sem unni Garúnu, jafnt lífs sem liðinn.

Hinn heiftúðugi hundur Cujo, Freddy vinur minn Krueger, Carrie, árásgargjarni bíllinn Christine, andsetna stúlkan í Exorcist og fleiri óvandaðir einstaklingar eru því enn góðkunnigjar mínir þó að áratugur og nokkur ár til séu síðan ég leit þau síðast augum. Ég hætti sem betur fer að horfa á hryllingsmyndir þegar ég komst til vits og ára. Ekki vegna þess að mig skorti áhuga, því fer víðsfjarri, heldur fór ég smám saman að gera mér grein fyrir því að það væri hvorki hollt fyrir mig né mína nánustu sem þurftu að vakna upp af værum svefni á næturnar þegar ég þóttist skelfingu lostin sjá hina og þessa söguhetjuna vitja mín í myrkrunu. Ég hef því ekki enn séð vinsælar kvikmyndir á borð við Sixth Sense og The Others og það þurfti meira að segja að tala mig inn á að sjá Ghost á sínum tíma því nafnið lofði nú ekki góðu.

En svo er ég í bíói um daginn. Var búin að planta mér í sætið og beið spennit eftir Reese Witherspoon og Josh Lucas knússast í Sweet Home Alabama þegar sýnishorn úr mynd sem fjallar um ryðgað skemmtiferðaskip er siglir stjórnlaust um hafið með steindauða áhöfn innanborðs fyllir salinn með tilheyrandi tónlist og óhljóðum. Ég stari stórum augum á tjaldið og spennan færir yfir mig. Ætti ég... ætti ég að skella mér í bíó og sjá endurgerð Draugaskipsins? Það getur varla sakað... ég er nú orðin stór stelpa. En á leiðinni heim um kvöldið kemur yfir mig óþægileg tilfinning. Áhöfn Draugaskipsins gæti átt eftir að heimsækja mig, er það ekki? Því hef ég nú tekið þá skynsamlegu ákvörðun að fresta öllum skipsferðum næsta áratuginn eða svo en minnst þess í stað lítis og loðins vinar míns sem kvaddi þennan heim kvöldið sem ég var síðast um borð í Draugaskipinu.

Um hina viðsjálu refilstigu

TÓNLIST

Salurinn

SAMLEIKUR Á SELLÓ OG PÍANÓ

Margrét Árnadóttir og Lin Hong fluttu verk eftir J.S. Bach, Beethoven og Chopin.

Sunnudagurinn 5. janúar, 2003.

MARGRÉT Árnadóttir sellóleikari stundar framhaldsnám við Júlíard tónlistarháskólann og hélt tónleika í Salnum sl. sunnudagskvöld, ásamt Jin Hong, sem einnig stundar framhaldsnám við sama skóla. Það mátti glögglega heyra, strax í fyrsta verkinu, sem var 5. sellósvítan eftir J.S. Bach, að Margrét er sérlega efnilegur einleikari, ræður yfir góðri tækni, hefur á valdi sínu mjúkan tón, mótar allar tónhendingar fallega, þó helst til varfærnislega, leikur af miklu öryggi og tandurhreit. Hefur sem sagt allt til að geta orðið snilldar sellóleikari.

Annað viðfangsefnið var fjórða sellósónatan op.102, nr.1, önnur af „frjálsu og óvenjulegu“ sellósónötunum eftir Beethoven. Þrátt fyrir að allt væri á sínum stað, skýrt og fallega mótað, vantaði að skerpa á andstæðunum, léttleikanum og stórlætinu, auk þess sem píanóleikarinn var á köflum of frekur til hljómsins, svo að ungur tónn Margrétar náði ekki á köflum að halda að fullu í viðpianóið.



Margrét Árnadóttir

Píanóleikarinn Lin Hong lék einn tvö verk eftir Chopin, fyrstu æfinguna úr op.10 og voru hlaupin, sem byggjast á endurteknu tónmynstri í hægri hendinni, ekki samfelld, svoltið rykkjótt, enda ekki auðveld viðfangs. Seinna verkið var Næturljóð í Es-dúr, op. 55, nr. 2, einstaklega fagurlega skreytt da-capo ariá, er var ljúflega og finlega leikin af Lin Hong.

Lokaviðfangsefnið var g-moll sellósónatan, op. 65, eftir Chopin og þar mátti heyra afburða fallegan leik Margrétar í skersóinu, sérstaklega miðkaflanum og einnig í hæga þættinum, sem var undurfallega „sunginn“. Í jaðarköflunum var ágætur leikur píanistans of sterkur, þó auðvitað eigi píanóið að hljóma. Samleikur er nú samt sú list, að fella tónverkið saman í eina hljóman, þó segja megi að hlutverk píanósins sé frá hendi tónskáldsins mun víðameira en almennt gerist samleiksverk, jafnvel sönötur, þar sem jafnræði er oftast á milli hljóðfæra.

Hvað sem þessu liður er Margrét Árnadóttir efni í frábæran sellista og Lin Hong sýndi sig töluvert sleipan píanista, t.d. í Chopin-sönötunni, svo að hér má spá stóru á komandi tímum, þegar svo vel er gert í upphafi ferðarinnar um hina viðsjálu refilstígu listarinnar.

Jón Ásgeirsson

Hátíðatónlist

Trompeteria nefnist nýr geisladiskur þar sem trompetleikararnir **Ásgeir H. Steingrímsson** og **Eiríkur Örn Pálsson** og orgelleikarinn **Hörður Áskelsson** flytja hátíðatónlist.



Flutt eru ýmis verk sem þeir hafa verið að flytja á undanföllum árum og þá sérstaklega á tónleikum í Hallgrímskirkju, bæði við áramót og endranær.

Tónlistin er frá endurreisnar- og barokktímanum. Eftir Girolamo Frescobaldi leika þeir þrjár kansónur, Konsert fyrir tvo trompeta eftir Antonio Vivaldi og fimm sónatínur eftir Johann Pezel. Tvær tokkötur eru á diskunum, önnur fyrir tvo trompeta og orgel eftir Giovanni Battista Martini og hin er Tokkata og fúga í d-moll eftir Johann Sebastian Bach. Í jaðarköflunum var ágætur leikur píanistans of sterkur, þó auðvitað eigi píanóið að hljóma. Samleikur er nú samt sú list, að fella tónverkið saman í eina hljóman, þó segja megi að hlutverk píanósins sé frá hendi tónskáldsins mun víðameira en almennt gerist samleiksverk, jafnvel sönötur, þar sem jafnræði er oftast á milli hljóðfæra.

Hvað sem þessu liður er Margrét Árnadóttir efni í frábæran sellista og Lin Hong sýndi sig töluvert sleipan píanista, t.d. í Chopin-sönötunni, svo að hér má spá stóru á komandi tímum, þegar svo vel er gert í upphafi ferðarinnar um hina viðsjálu refilstígu listarinnar.

Útgefandi er Fús. Diskurinn er til sölu í Hallgrímskirkju og versluninni 12 tónum.

Myndlistin blómstrar í arabaheimi

MYNDLIST

Listasafn Reykjavíkur – Hafnarhús

MYNDVERK
YMSIR MIÐLAR

Opið frá kl. 11–18 alla daga nema fimmtudaga en þá er opið til kl. 19. Til 19. janúar.

NÚ þegar arabalönd eru mikið í umræðunni, í flestum tilfellum því miður á neikvæðum nótum, er áhuga-vert að skoða sýninguna Milli goðsagnar og veruleika í Hafnarhúsinu, en þar má sjá myndverk eftir listamenn frá 16 arabalöndum. Sýningin er komin til landsins fyrir tilstilli Listasafns Akureyrar frá konunglega fagurlistasafninu í Jórdaníu en sýningin var fyrst sett upp á Akureyri sl. sumar.

Ég las nýlega frásögn á vef BBC um myndlist í Írak nú þegar þar eru víðsjárverðir tímar. Þar kom fram að sjaldan hefði listalíf verið jafnbliðlegt og nú og galleríum hefði fjölgað úr tveimur fyrir 1990 þegar Persaflóastríðið hófst upp í nokkra tugi nú. Að vísu væru peningar fyrir litum, striga eða öðrum efnum af skornum skammti en það hefti ekki hinn skapandi huga nema síður væri, enda færðust listamenn í aukana þegar kreppti að.

Sýningin er í sölum A og B í Hafnarhúsinu og er í sjálfu sér hefðbundin í uppsetningu. Verkin eru líka öll hefðbundin, tvívið málverk eða þrykkmyndir, utan þrjú myndbandsverk, sem eru í heimildarmyndastíl. Umfjöllunarefni listamanna á sýningunni er margvíslegt. Áberandi eru verk unnin út frá skrautritunarhefðinni auk óhlutbundinna verka. Fjallað er um trúarleg minni, kvenrættindi og stríðsátök auk þess sem hefðbundnar mannamyndir og landslagsmyndir er þarna að finna.



Úr myndröðinni Walls of Gaza eftir Laila Shawa frá Palestínu.

Í miðju B-salar hefur einu myndbandsverki verið sköpuð mjög góð umgjörð. Byggður hefur verið litill bíósalar í miðju salarins og heimildarmynd um landflótta landlausa Palestínunum í Líbanon sýnt á stórum skjá. Myndin er athyglisverð og gefur manni innsýn í líf fólksins sem lifir við nútíðlegar aðstæður í flóttamannabúðum og litur ekki hjörtum augum fram á vegginn.

Ekki er eins vel búíð um tvö myndbandsverk fyrir utan A-sal. Þau eru sýnd á pínulitlum skjáum í gangvegnum við innganginn í salinn og færa þarf til stóla til að geta sest niður við verkin.

Myndböndin eru þó góðra gjalda verð og það sem ég skoðaði best var frá Palestínu og fjallaði um daglegt líf fjögurra skólastráka. Þeir höfðu ýmislegt reynt á stuttari ævi, meðal annars að sjá skólabróður sinn skotinn með sprengikúlu í brjóstið þannig að innnyflin lágu út.

Almennt séð eru verkin á sýningunni flest frekar gamaldags og lítið í takt við það sem er að gerast í alþjóðlegum myndlistarheimi nú um stundir. Þó var eitt verk sem var bæði nú-

tímalegt og sterkt í byggingu, verkið Sárið, sem er langur rauður strígarefill, ákaflega sterkur í einfaldleik sínum en listamaðurinn er frá Írak.

Sýningarskrá er bæði á ensku og íslensku. Mér finnst óttalega ruglandi að hafa þann háttinn á eins og gert er þarna að enski helmingurinn og íslenski eru á hvolf hvor á móti öðrum. Þetta er til vansa að mínu mati.

Ég mæli með að fólk lesi fróðlegan texta Jóhönnu Kristjónsdóttur í sýningarskrá um arabaríkin, menningu og siði. Jafnframt er athyglisverð sú ábending Ólafs Gíslasonar í skránni að þær tvær kvenmyndir úr arabaheiminum sem vestrænir menn hafa, annars vegar magadansmærin í kvennabúri soldánsins og hins vegar myndin af palestínskum stúlkum sem ganga með sprengju innanklæða inn í fjölmenni og fórna lífi sínu og annarra í þágu málstaðarins, hafi viðhaldið þeirri ímynd að við séum hinir, eins og hann orðar það, að arabar séu ekki eins og við. Vonandi færir þessi sýning þann heim sem við lifum í og arabaheiminn nær hvorum öðrum.

Þóroddur Bjarnason